

Alþingi
Ágúst Geir Ágústsson, ritari samgöngunefndar
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 27.02.2002
Tilv. 252/2001 - 023
HG/hj


Siglingastofnun vísar til bréfs samgöngunefndar Alþingis dags. 19. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Siglingastofnunar um tillögu til þingsályktunar um skráningarskyldu skipa.

Samkvæmt gildandi lögum um skráningu skipa nr. 115/1985 með síðari breytingum er sérhvert skip skráningarskyldt sem er 6 metrar á lengd eða stærra mælt milli stafna. Á sama hátt falla öll íslensk skip sem eru sex metrar á lengd eða lengri, mælt milli stafna, og notuð eru á sjó undir ákvæði laga um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum.

Með tillögunni er lagt til að öll skip sem notuð eru í atvinnuskyni verði skráningarskyld óháð lengd þeirra, en að skráningarskylda skipa sem ekki eru notuð í atvinnuskyni verði 8 metrar í stað 6 metra skv. gildandi lögum. Í greinargerð með tillögunni segir að eðlilegt verði að telja að öll skip sem sé haldið úti í atvinnuskyni séu skráningar- og eftirlitsskyld og er stofnunin fyrir sitt leyti sammála þeim sjónarmiðum. Jafnframt má álykta af greinargerðinni að flutningsmaður tillögunnar sé að leggja til að skip sem ekki eru notuð í atvinnuskyni og eru undir 8 metrum séu ekki eftirlitsskyld. Stofnunin vill í því efni benda á að með því er verið að slaka á því eftirliti sem haft er í dag með þessum skipum en eftirlitið nær nú til allra skipa yfir 6 metrum, þ.e. árleg skoðun t.d. á öryggisbúnaði og útgáfa haffærissskírteinis í framhaldi af því. Rétt er að geta þess að sums staðar mjög misjafnt er t.d. á Norðurlöndunum hvort og að hvaða marki haft er eftirlit með skemmtibátum og öðrum skipum sem ekki eru notuð í atvinnuskyni.

Siglingastofnun vill benda á að verið er að endurskoða lög um eftirlit með skipum nr. 35/1993, þar sem m.a. er verið að fjalla um til hve stórra skipa eftirlitið eigi að ná og að hvaða marki eftirlit eigi að taka til skipa sem ekki eru notuð í atvinnuskyni. Siglingastofnun telur því efni þessarar þingsályktunartillögu innlegg í þá umræðu.

Virðingarfyllst,
f. h. Siglingastofnunar Íslands



Hermann Guðjónsson, forstjóri